

Fréttabréf Garðasels

Nóvember 2021



Foreldraviðtöl

Vikurnar **1.-5. nóvember** eru foreldraviðtöl á öllum deildum þar sem umsjónakennarar og foreldrar ræða saman um stöðu barns. Skólinn leggur áherslu á að allir foreldrar fái samtal vegna barna sinna og reynt er að finna þeim tíma eins og kostur er, ýmist í skólanum eða í símtali / TEAMS.

Gestir í heimsókn

Föstudaginn 5. nóvember kl: 10.00 koma Ípróttaálfurinn og Solla stírða í heimsókn í Garðasel og er heimsóknin hluti af Barnamenningarhátíð sem tegnd er Vökudögum á Akranesi.



Skipulagsdagur 15. nóvember

Mánudaginn 15. nóvember er skipulagsdagur og þann dag er leikskólinn lokaður. Skipulag þessa dags er

- Samráðsfundir deilda
- Sameiginlegur fundur allra deilda / skipulag, fræðsla
- Leikurinn og gildi hans – Sara Margrét Ólafsdóttir, lektor við HÍ

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember

Þriðjudaginn 16. nóvember er Dagur íslenskrar tungu. Þennan dag halda skólar hátíðlegan með margvíslegum hætti.

Í Garðaseli verður sameiginleg stund allra deilda á Skála.

Ekki er gert ráð fyrir þátttöku foreldra



Í verkefninu **um Vináttu** er lögð áhersla á að foreldrar leiðbeini börnum sínum í að vera góðir félagar, tala af jákvæðni um önnur börn og fjölskyldur þeirra, að foreldrahópurinn á deild komi sér upp hefðum varðandi afmælisdaga barnanna og boð í afmælisveislur. Fátt er erfðara en vera það barn sem ekki fær boð og ekkert foreldri vill upplifa það með barninu sínu.